

Fundargerð 9. þings Hjartaheilla,
landssamtaka hjartasjúklinga,
haldið að Grand Hótelu í Reykjavík
9. september 2006.



Fundargerð
Sólrún Óskarsdóttir



9. landsþing Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga haldið laugardaginn 9. september 2006 að Grand Hótel Reykjavík.

Þingið hófst kl. 09:15 með ávarpi **Sifjar Friðleifsdóttur** heilbrigðisráðherra.

Dagskrá:

- | | |
|-------------------|--|
| Kl. 09:09 – 09:15 | Formaður setur þingið og tilnefnir þingforseta og þingritara. |
| Kl. 09:15 – 09:45 | Siv Friðleifsdóttir , heilbrigðisráðherra. |
| Kl. 09:45 – 10:00 | Formaður Kjörbréfanefndar gerir grein fyrir kjörbréfum þingfulltrúa.
Jónas Jóhannsson |
| Kl. 10:00 – 10:15 | Kaffihlé. |
| Kl. 10:15 – 10:45 | Skýrsla formanns.
Vilhjálmur B. Vilhjálmsson |
| Kl. 10:45 – 11:10 | Skýrsla gjaldkera.
Kristján Smith
Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera.
Reikninga bornir upp til samþykktar. |
| Kl. 11:10 – 11:30 | Reikningar styrktarsjóðs.
Gísli J. Júlíusson
Umræður um styrktarsjóðinn.
Reikninga bornir upp til samþykktar. |
| Kl. 11:30 – 12:00 | Skýrsla laganefndar.
Vilhjálmur B. Vilhjálmsson
Óskar Árni Mar
Breytingatillögur kynntar.
Umræður um breytingatillögurnar.
Breytingatillögurnar bornar undir atkvæði. |
| Kl. 12:00 – 12:40 | Hádegisverður. |
| Kl. 12:40 – 13:00 | Hátíðaræða.
Kári Stefánsson , forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. |
| Kl. 13:00 – 14:00 | Fréttir frá deildum Hjartaheilla. |
| Kl. 14:00 – 15:00 | Aðalfundarstörf samkvæmt lögum.
Kosningar. |
| Kl. 15:00 – 15:30 | Kaffihlé. |
| Kl. 15:00 – 16:00 | Önnur mál. |
| Kl. 16:00 – 16:10 | Þinglok. |



Vilhjálmur B. Vilhjálmsson formaður Hjartaheilla setti 9. þing samtakanna stundvíslega kl. 09:09 og tilnefni Guðmundur Magnússon sem þingforseta og Sólrúnu Óskarsdóttur sem ritar.

Formaður fagnaði komu **Sifjar Friðleifsdóttur**, heilbrigðisráðherra, og bauð henni að ávarpa þingfulltrúa.



Ávarp Sifjar Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ágætu landsfundarfulltrúar og aðrir gestir.

Samtök hjartasjúkra – Hjartaheill - hafa um langa hríð verið meðal öflugustu samtaka sjúklinga í landinu. Samfélagið allt getur þakkað það óeigingjarna starf sem unnið er á vettvangi Landssamtakanna. Samtök ykkar hafa verið óþreytandi í að halda á lofti hagsmunamálum félagsmanna ykkar bæði til skemmri tíma og lengri.

Stjórnámamenn og aðrir eiga auðvitað að fara varlega í fullyrðingum sínum, en ég ætla að leyfa mér að fullyrða að óvíða fá hjartasjúklingar betri þjónustu en einmitt hér á landi og óvíða hafa sjúklingasamtök eins og ykkar jafn mikil áhrif.

Að mínum dómi er það þrennt sem veldur þessu. Í fyrsta lagi eigum við framúrskarandi góða lækna á öllum sviðum hjartalækninga. Í öðru lagi hefur jafnan ríkt góður skilningur á því hjá heilbrigðisyfirvöldum að leggja mikinn metnað í þjónustuna við hjartasjúklinga og í þriðja lagi hafa samtök, félög og einstaklingar lagt gríðarlega mikið af mörkum til tryggja að þjónustan á þessu sviði lækninga sé í fremstu röð. Og hér á er ég auðvitað að tala um gjafir og framlög einstaklinga, sem þið vitið öll um, ég er að tala um öfluga starfsemi og rannsóknir Hjartaverndar og ég er síðast en ekki síst að tala um öflugt félagastarf samtaka hjartasjúklinga.

Sem heilbrigðismálaráðherra mun ég gera það sem í mínu valdi stendur til að þjónustan við þennan sjúklingahóp verði áfram þannig að við getum kinnroðalaust borið okkur saman við það sem best gerist í nálægum löndum.

Menn þurfa ekki að hafa setið lengi í stól heilbrigðismálaráðherra til að komast að því að verkefni eru ærin og vandamál oft flókin, en hvoru tveggja gerir starf heilbrigðismálaráðherra skemmtilegra og krefjandi en ella.

Um svipað leyti og ég tók við sem heilbrigðismálaráðherra gengu sérfræðilæknar í hjartalækningum af samningi sem samtök lækna höfðu skrifað undir skömmu áður til þriggja ára.

Samningaviðræður voru árangurslausar og læknar voru ekki tilbúnir til að hvika frá kröfum sínum um meira fé vegna þeirrar verktakavinnu sem ríkið semur við þá um að veita.

Krafan samsvaraði, ef ég man rétt um 1,4 milljónum króna á mann á ári til viðbótar því sem samið áður hafði verið um.

Í svona stöðu er heilbrigðismálaráðherra nokkur vandi á höndum. Í þessu sambandi endurtek ég það sem ég sagði þá, að ég lít svo á að skyldur mínar sem stjórnámamanns séu fyrst og síðast við almenning. Þess vegna meðal annars brást ég við þeirri stöðu sem kom upp þegar hjartalæknar gengu af samningi í vor með því að

reyna að tryggja almenningi þann endurgreiðslurétt sem ég tel að almenningur eigi að lögum.

Ég vil ítreka í þessu sambandi að það voru hjartalæknarnir sem sögðu sig af nýgerðum samningnum með umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Almenningur er sjúkra-tryggður og á rétt á niðurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sérfræðilækna, sem aftur er háður því að verktakasamningur læknis og samninganefndar HTR sé í gildi, og þar með er það hlutverk ráðherrans að sjá svo til að þessi lögfesti réttur sé tryggður.

Það gerði ég með því sem ég kaus að kalla valfrjálst endurgreiðslukerfi til þess að tryggja rétt almennings. Þetta felur í sér að fólk velur sjálft hvort það kys að fara án tilvísunar til sérfræðilæknis og greiða þá fullu verði, eða fær tilvísun heilsugæslulæknis til að virkja rétt sinn til niður- eða endurgreiðslu.

Þetta var besta leiðin sem unnt var að fara við þessar nýju aðstæður til að geta tryggt rétt einstaklinganna og jafnframt að búa svo um hnútana að við gætum haldið góðu þjónustustigi.

Ég hef ekki orðið vör við það meðal almennings að í samfélaginu séu forsendur fyrir að fella niður þann endurgreiðslurétt almennings sem hér um ræðir og það er víðtæk sátt um það meðal þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda að hið opinbera greiði þjónustuna niður.

Heilbrigðisþjónustan er, ásamt góðri almennri menntun og félagslegu öryggi, sú stoð sem stendur undir velferðarkerfi nútímans, og vilji menn breyta því kerfi í einhverjum grundvallaratriðum, þá er ég í fyrsta lagi tilbúin í þá umræðu og í öðru lagi tel ég eðlilegt að hún fari fram. Sú umræða mun ekki snúast um samninga við einstakar stéttir manna heldur um velferðarkerfið sjálft í veigamiklum atriðum.

Nú heyrir ég að uppi eru kröfur um kerfisbreytingar til dæmis af hálfu sumra sérfræðilækna og á sama tíma eru ört vaxandi kröfur frá almenning, annars vegar um fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum, og hins vegar um að dregið sé úr skattheimtu.

Við þurfum því að forgangsraða verkefnum og fjármagni sem til þjónustunnar er veitt, en nú veitum við um 10% af vergri þjóðarframleiðslu til heilbrigðismála. Í því verkefni þurfa bæði hagsmunir heilbrigðisstétta og almennings, ég ítreka, sérstaklega almennings, að ráða för.

Allir sem um það hugsa gera sér grein fyrir að á næstu árum og áratugum verða miklar breytingar á heilbrigðisþjónustunni. Á það jafnt við um flestar megingreinar læknisfræði, lækningaaðferðir, meðferðarúræði, lækningatæki, starfsemi heilheilbrigðisstofnana, verksvið heilbrigðisstétta og aðra þætti er tengjast heilbrigðisstarfsemi.

Við sjáum þegar áhrif sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík þar sem háskólasjúkrahúsið er orðið miðstöð þekkingar og sérfræðiþjónustu sem önnur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og reyndar öll önnur heilbrigðisstarfsemi í landinu tengist með einum eða öðrum hætti.

En þrátt fyrir að breytingar séu í aðsigi þá megum við ekki missa sjónar á grundvöllinum sem velferðarþjónustan, og þar með heilbrigðisþjónustan hvílir á, og það er einmitt þess vegna sem ég legg áherslu á að setja kröfur hagsmunasamtaka og

hagsmunaaðila um breytingar í það samhengi sem ég hef hér dregið á. Og ég bið ykkur að hafa hugfast að skylda stjórnámalámannsins í þessu sambandi almenn, það er til dæmis að tryggja rétt þeirra sem eiga skilgreindan rétt til aðstoðar eða niðurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu.

Varðandi þjónustu Landspítalans við hjartasjúklinga þá er afar mikilvægt að greina hlutina rétt.

Þjónustan er mjög góð og frábært starfsfólk leggur sig fram um að gera hana betri. Metnaður fagfólksins er mikill og því bera að fagna. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur verið lögð áhersla á að viðhalda þeirri góðu stöðu sem hjartalækningar á spítalanum hafa haft.

Á flestum sviðum erum við að tala um bættu þjónustu, en ef við tölum sérstaklega um hjartadeildina þá er vandi hennar kannski fyrst og fremst útskriftarvandi, eins og einn leiðtogi deildarinnar sagði á dögnum þegar hann sagði, að útskriftirnar væru stærsti vandi spítalans og að allur rekstur yrði einfaldari þegar sá vandi leystist.

Spítalinn og heilsugæslan vinna nú hörðum höndum að því að gera það, og ánægjulegt til þess að vita til þess að um miðjan mánuðinn verður byrjað að útskrifa hluta aldraðra og veita þeim sérhæfða þjónustu í heimahúsum, sem ætti að liðka fyrir inni á spítalanum.

Um er að ræða samstarfsverkefni heilsugæslunnar og Landspítalans þar sem lögð verður áhersla á samvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, sjúkrapjálfa og iðjupjálfa. Ég bind vonir við að þessi þjónusta skili okkur þeim árangri að fljótlega byrji að draga úr útskriftarvanda spítalans og að hann verði í þessum skilningi úr sögunni innan ekki allt of langs tíma.

Þið spyrjið sérstaklega um gangainnlagnir og samkvæmt upplýsingum sem mér bárust í gær þá hafa gangainnlagnir á hjartadeild verið svipaðar á þessu ári og síðustu árin. Til að leysa það viðvarandi vandamál var ákveðið að flytja nýrnasjúklinga á deild 13 - E. Þessi breyting var gerð á dögnum, eða 4. september sl. og eftir því sem mér er sagt af sviðsstjóra lyflækningasviðs I þá telur hún að gangainnlagnir á hjartadeild leysist að mestu með þessari breytingu. Von mín er að þetta fari langt með að leysa vandann á venjulegum degi.

Ég veit líka að menn lögðu á það mikla áherslu í sumar og vor að mæta mikilli manneklu, meðal annars vegna barnsburðarleyfa starfsfólks, með aukinni yfirvinnu á þá sem voru við störf með það að markmiði að þurfa ekki að fækka rúmum. Og þetta tókst.

Varðandi hjartapræðingar er rétt að taka fram að þeim hefur fjölgað um rétt innan við 50% frá því á árinu 2000. Á sama tíma hefur kransæðavíkkunum fjölgað um 50 af hundraði.

Hvoru tveggja er mælikvarði á bættu þjónustu hjartadeildarinnar við sjúklinga. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að sjúkrahúsin í Reykjavík voru sameinuð í kringum árið 2001.

Það hefur verið bið eftir hjartapræðingum og þótt biðin sé hér styttri en víðast hvar þá sættum við okkur ekki við hana. Nú bíða 227 manns eftir þræðingu og dæmi eru um að fólk hafi þurft að bíða í sjö mánuði. Það er of langur tími, þótt ekki megi gleyma að

menn sem eru akút eða bráða veikir bíða yfirleitt ekki, en mér er sagt að nú verði allt kapp lagt á að stytta þessa bið með því að starfsemin fer á fullt og einnig hefur rúmum á hjartadeildunum verið fjölgað eins og áður segir.

Þegar biðlisti eftir hjartaþræðingu er skoðaður í september 2005 og 2004 þá sést að 2005 biðu 248 einstaklingar eftir hjartaþræðingu og 157 árið 2004. Eftir kransæðaaðgerð biðu 12 í september í fyrra og 26 í september 2004.

Við viljum gera betur, sem er sjálfsagt, en víða annars staðar þætti þetta góð þjónusta, við skulum ekki gleyma því.

Svo megum við heldur ekki gleyma því sem tengist samskiptum ykkar og heilbrigðisyfirvalda, sem mér finnst persónulega að sjúklingasamtök ættu að kynna sér og fagna alveg sérstaklega, en það eru áformin um nýja spítalabyggingu.

Mér finnst bæði sjálfsagt og eðlilegt að forystumenn ykkar samtaka fengjuð kynningarfund um þau áform af hálfu framkvæmdanefndarinnar meðal annars til að koma á framfæri skoðun ykkar og áliti.

Góðir fulltrúar.

Forveri minni í embætti og ég sjálf höfum lagt okkur fram um að það síðustu misserin að ná niður verði á lyfjum á Íslandi almennt.

Í þeim efnum hefur miðað verulega þegar við horfum almennt á málin. Samningar við innflytjendur hafa skilað sér í lægra verði og sama má segja um innlenda lyfjaframleiðendur. Meðaltalsútgjöld almennings vegna lyfja hafa aukist minna, en neysluverðvísitalan hefur hækkað undanfarin fjögur ár. Eins og þið vitið segja þessar kennitölur hins vegar ekki alla söguna því hlutur sjúklings í útsöluverði út úr apóteki fer meðal annars eftir þeim afsláttum sem viðkomandi apótek gefur af hlut sjúklings. Öll eru þessi mál í endurskoðun en markmið mitt er að verð lyfja verði hér sambærilegt við það sem er í viðmiðunarlöndum okkar sem ætti þá að hafa í för með sér lækkandi útgjöld fyrir þá sem nota lyfin.

Ágætu landsfundarfulltrúar.

Ég lofaði og prísaði samtök ykkar í upphafi og endurtek mikilvægi samtaka eins og ykkar, bæði til að berjast fyrir bættem hag sjúklinga, en ekki síður fyrir mikilvægi þjónustunnar við sjúklingahópinn almennt.

Því vil ég endurtaka það sem ég sagði um byggingu nýs spítala og endurskipulagningu þjónustunnar sem mun stórbæta aðstöðu og þar með þjónustu frá því sem nú er. Ég legg áherslu á að ykkar raddir heyrast í þessu sambandi og hvet eindregið til þess að þið komið sjónarmiðum ykkar á framfæri við þá framkvæmdanefnd sem nú er að skipuleggja hvernig starfseminni verður fyrir komið í nýja sjúkrahúsinu og með hvaða hætti.

Þar fyrir utan lýsi ég mig reiðubúna til að taka upp reglulega á vettvangi ráðuneytisins samráðsfundi með samtökum ykkar um það sem þið teljið að brenni helst á sjúklingahópnum.

Mér er kunnugt um að fulltrúi ykkar og ráðuneytisins, sem er Sveinn Magnússon læknir, hafa hist á nokkrum fundum undanfarna mánuði til að ræða framkvæmd endurgreiðslukerfisins sem sett var upp vegna hjartalæknamálsins. Það hafa verið

góðir upplýsingafundir, en ég tel afar mikilvægt að hittast og reyna að þoka málum áfram og í rétta átt – sameiginlegir hagsmunir okkar liggja í að vilja gera betur við sjúklingana.

Ég þakka fyrir –og tek mér það bessaleyfi að bjóða ykkur að bera fram spurningar til mín þótt það sé ekki á dagskránni, ef fundarstjóri leyfir.



Fyrirspurn til heilbrigðisráðherra.

Magnús Þorgrímsson lýsir áhyggjum yfir hækkandi lyfjaverði. Vill að litid verði á sjúklinga sem virka þátt-takendur í stefnumótun nýrrar byggingar sjúkrahússins. Vill að arðsemi þjónustunnar við sjúklinga verði mæld og lýsir vonbrigðum sínum með að samningar hafi ekki náðst í tilvísunarmálinu.

Siv. Fákeppni á markaði heldur verði uppi. Afslættir misnotaðir. Alfreð Þorsteinsson stýrir undirbúningshópi fyrir bygginguna. Mikilvægt að sjúklingahópar láti skoðanir sínar í ljós. Ræddi kostnað og forgangsroðun í heilbrigðiskerfinu. Spáir erfiðum viðræðum framundan.

Kaffihlé.

Dagskrá haldið áfram klukkan 10.00.

Kjörbréf.

Jónas Jóhannsson gerir grein fyrir kjörbréfum, þingið lýst löglegt með nokkrum breytingum á þingfulltrúum.



Skýrsla formanns.

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson flytur skýrslu stjórnar.

Góðir þingfulltrúar og gestir.

Það hefur vakið athygli í fréttum að undanförunu að vegna þrengsla þurfa hjartasjúklingar að hýrast á göngum hjartadeildar Landsspítala háskólasjúkrahúss.

Einnig hefur komið fram að löng bið er eftir hjartaþræðingum, en slík bið reynir afar mikið á sjúklinga eins og við þekkjum af eigin reynslu.

Þá er mikið kvartað um að lyfjaverð sé hærra hér á landi en gerist víða erlendis til dæmis í Danmörku. Jafnvel svo að það geti borgað sig fyrir hjartasjúklinga að fara til Danmerkur með lyfseðlana til að kaupa lyfin sín.

Einnig er það svo að hjartasjúklingar á höfuðborgarsvæðinu þurfa að leita til heimilislæknis eða heilsugæslustöð og fá tilvísun til hjartalæknis eigi þeir að njóta niðurgreiðslna hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Það sem vekur athygli er að hér er nær eingöngu um heimatilbúinn vanda að ræða, sem í sumum tilfellum er hægt að lagfæra með góðum vilja og skynsamlegum ákvörðunum.

Í nútíma þjóf félagi eru framfarir miklar, örar og sífellt þarf að fylgjast með. Við slíkar aðstæður er líklegt að það sem var gott og gilt í gær sé að verða úrelt á morgun, þetta á við bæði um tæknibúnað og þekkingu lækna og hjúkrunarfólks.

Segja má að á Íslandi sé vel búið að hjartasjúklingum. Árangur í meðferð hjartasjúkdóma er með ágætum, satt að segja með því besta sem gerist í heiminum. Árangur af aðgerðum, eftirliti og eftirmeðferð er athyglisverðar.

Slíkur árangur segir okkur að þeir sem sinna þessari þjónustu kunni vel til verka, enda leggjum við hjartasjúklingar mikla áherslu á að okkur sé veitt góð þjónusta og viljum að Ísland verði í fremstu röð að þessu leiti.

Spurningin er,- verðum við að búa við heimatilbúið vandræðaástand um ókomna framtíð eða er möguleiki á að lagfæra og bæta ástandið.

Ljóst er að það tekur mörg ár að byggja nýtt sjúkrahús. Ég er ekki að segja að það sé rangt að hefja slíka byggingu, en það liggur fyrir að aldraðir langlegusjúklingar fái ekki viðunandi þjónustu. Þeir verða að liggja langtímum saman á Landsspítalanum í dýrum sjúkrarúmum sem sjúklingar sem hafa hraðara gegnumstreymi þurfa á að halda.

Talið er að sérstök umönnunardeild utan sjúkrahússins komi til greina þannig að ekki þurfi að láta aldraða og sjúka einstaklinga búa við óviðunandi ástand um ófyrirséðan tíma.

Þegar líður að kosningum eru stjórnámamenn tilbúnir að leysa málefni aldraðra, ekki vantar það, en aldraðir langlegusjúklingar fá ekki betri þjónustu þrátt fyrir loforð um úrbætur.

Ég tel að tugir rúma sem nú eru bundnir við þessa þjónustu geti komið að notum fyrir aðra sjúklinga þannig að sjúkrahúsið geti sinnt fleirum en nú er gert. Því sannleikurinn er sá að vandamálið dregur úr starfsgetu stofnunarinnar.

Sameining spítalanna í Reykjavík var misráðin segir í greinargerð frá aðalfundi Læknafélags Íslands sem haldinn var um helgina. Þar var fjallað um stjórnunarvanda Landspítala –háskólasjúkrahúss og sagt að hann skapist fyrst og fremst af einokunaraðstöðu sjúkrahússins.

Um síðustu helgi hélt Læknafélag Íslands aðalfund sinn þar sem félagið hvetur stjórn sína til að standa vörð um sjálfstæði læknastéttarinnar og atvinnufrelsi lækna með því að stuðla að því að lækna geti unnið á fleiri en einum vinnustað og séu ekki háðir öðrum vinnuveitanda.

Í greinargerð með ályktuninni segir að nauðsynlegt sé að hafa fleiri en eitt sjúkrahús í Reykjavík til þess að knýja fram betri stjórnunarhætti.

Læknafélagið gagnrýnir það sem kallað er þöggunarstefna spítalastjórnar sem verði til þess að lækna skipti sér ekki af rekstri spítalans.

Læknafélagið er greinilega afar ósátt við framvindu mála m.a. vegna brottreksturs yfirlæknis á æðaskurðeild og einnig lýsir Læknafélagið yfir þungum áhyggjum af stöðu öldrunarmála á Íslandi og hvetur stjórnvöld til úrbóta.

Það er alveg ljóst að þegar Læknafélagið tekur vandamál sjúkrahússins fyrir með þessum hætti þá er eitthvað alvarlegt að. Eða eins og segir í greinargerð frá Læknafélaginu þá er vandinn djúpstæður.

Eins og við vitum þá er enginn samningur í gildi um greiðslur fyrir þjónustu hjartalækna. Þar sem sjálfstætt starfandi hjartalækna sögðu upp samningi sínum við

ríkið um síðustu áramót með þriggja mánaða fyrirvara og tók því uppsögnin gildi 1. apríl s.l.

Tryggingarstofnun ríkisins tekur því aðeins þátt í greiðslu fyrir þjónustu hjartalækna, ef heimilislæknir eða heilsugæslustöð vísar þeim til hjartalæknis.

Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélagsins segir að með þessu kerfi sé verið að sóa tíma sjúklinga og gera þeim erfitt fyrir. Hann segist hafa gefið út allmargar tilvísanir. Langflestar eða yfir 90% eru fyrir sjúklinga sem eru í meðferð hjá hjartalækni í lengri eða skemmri tíma.

Þetta mál er eins og fleiri mál af svipuðum toga, mannleg togstreita. Vandamál sem eru engum til gagns, en skapa óþægindi, tafir og aukakostnað.

Varðandi framangreint atriði var send ályktun til ráðherra og síðar ítarleg greinargerð en ekki bólar á lausn málsins. Þetta mál er að líkindum á leið til umboðsmanns alþingis til úrskurðar.

Góðir þingfulltrúar þó er margt í góðu lagi hjá okkur, við gerum miklar kröfur og við viljum njóta þess besta sem í boði er.

Við sem erum félagar í Hjartaheill þurfum einnig að huga að eigin málum til að styrkja okkur í baráttunni fyrir velferð okkar í framtíðinni.

Á síðasta þingi gerðum við nokkrar breytingar á lögum samtakanna m.a. með því að bæta nafninu Hjartaheill framan við nafnið landssamtök hjartasjúklinga.

Ég tel að þetta hafi verið góð breyting. Einnig voru fleiri lagabreytingar gerðar vonandi flestar til bóta og enn á ný eru tillögur um breytingar á lögum samtakanna lagðar fram fyrir þetta þing sem við teljum til bóta fyrir samtökin.

Formannafundur Hjartaheilla var haldinn að Hofi í Vatnsdal laugardaginn 10 september 2005. Fundinn sóttu 18 manns og var hann fróðlegur og gekk lipurlega fyrir sig. Ljóst er að slíkir fundir eru nauðsynlegir til að viðhalda góðum tengslum við félaganna því þó svo að sími og internet séu gagnleg þá er persónuleg samvera ekki síður nauðsynleg.

Auk formannafundarins að Hofi þá voru haldnir 9 stjórnarfundir. Þá lagði Hjartaheill fram kr. 2.250.000,- til kaupa á tækjabúnaði til greiningar, meðferðar og lækninga á hjartsláttartruflunum en Lionsklúbburinn Víðarr stóð fyrir þessari söfnum.

Ýmis fleiri málefni voru styrkt á tímabilinu, en rætt hefur verið um að styrktarsjóðurinn muni í framtíðinni taka að sér styrkveitingar í samstarfi við deildir án þátttöku landssamtakanna.

Hjartaheill fékk mikla athygli á síðasta ári þegar Eggert Skúlason hjólaði hringinn í kring um landið. Slíkt framtak er ómetanlegt og vekur athygli á að hjartasjúklingar geti tekist á við erfið verkefni. Einnig metum við mikils þann mikla vilja Eggerts og dugnað að láta Hjartaheill njóta góðs af. Eggert á sérstakar þakkir inni hjá okkur fyrir framtakið.

Nokkur vandi er okkur á höndum varðandi fjáröflun og segja má að aukið framlag frá fjárveitingavaldinu hafi bjargað okkar málum. Reynt verður að festa fjárveitingar Alþingis í sessi og standa vonir til að það geti gengið eftir.

Það er ljóst að við þurfum að bæta stöðu okkar að þessu leiti. Við höfum reynt happdrætti, en það hefur gefið minna af sér en vonir stóðu til. Þrátt fyrir fjáröflunaryanda þá eru líka ljósir punktar hvað það varðar. Sérstaklega eru söfnunarkúlurnar gjöfugar einkum kúlan á Keflavíkurflugvelli.

Framlag sem SÍBS fær frá ÖBÍ rennur til okkar í hlutfalli við félagafjölda og er það til mikilla hagsbóta fyrir Hjartaheill.

Á tímabili gengu samskipti við SÍBS erfiðlega og nokkurrar óánægju gætti með veru okkar í SÍBS. Ég hef þá ánægju að upplýsa að nú eru þessi mál í mjög góðu lagi og bendir allt til að svo verði áfram. Rétt er að geta þess að SÍBS hefur nú fest kaup á Síðumúla 6 og tryggir það hentugt húsnæði fyrir okkur í náinni framtíð.

Velferð tímarit okkar vekur athygli fyrir góðar greinar og efnistöð. Núverandi ritstjóri er Eggert Skúlason sem einnig sér um kynningar og fölmíðlamál samtakanna. Styrktarlínusöfnun hefur ekki gefist sem skyldi en verið er að leita leiða til að bæta úr því.

Á seinni árum hefur alþjóðlegi hjartadagurinn verið haldinn hátíðlegur síðasta sunnudag í septembermánuði. Dagurinn er að festa sig í sessi og munu deildir Hjartaheilla hver um sig skipuleggja dagskrá í sinni heimabyggð. Nokkuð hefur verið rætt um að fjáröflun samtakanna ætti að vera í tengslum við þennan dag.

Heimasíða Hjartaheilla er mikið notuð og er þar vakin athygli á málefnum líðandi stundar. Heimasíðan er mjög fræðandi og ánægjulegt er hvað hún hefur notið mikilla vinsælda. Ásgeir Þór Árnason framkvæmdastjóri Hjartaheilla hefur umsjón með síðunni.

Góðir fundarmenn.

Starf Hjartaheilla verður ávallt fjölbreytt og því líkur ekki í bráð. Samtökin okkar eru því mikils virði, við getum litið yfir farinn veg með stolti, vegna margra áfanga sem hafa náðst.

Megi 9. þing vera okkur farsælt, okkur megi takast áfram að vinna að markmiðum Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.
Takk fyrir.



Skýrsla gjaldkera.

Sigurður G. Sigurðsson félagslegur skoðunarmaður reikninga samtakanna flytur skýrslu gjaldkera fyrir árin 2004 og 2005.



Fyrirspurnir varðandi reikninga.

Óskar Árni Mar minnti á að á síðasta þingi hefði verið samþykkt að selja Lokastíg 16 vegna ófullnægjandi aðgengis. Vill fá upplýsingar um hugmyndavinnu. Hissa á því hve litlu fé hringvegshjólreiðarnar skiluðu. Þarf að gera áætlun um hallalausán rekstur samtakanna.



Vilhjálmur B. Vilhjálmsson segir sölu Lokastígs 16 hafa verið frestað því í ljós hafi komið að þær kvartanir sem bárust voru ekki margar og upplýsingar frá hjartadeildinni sögðu aðra sögu.



Ásgeir Þór Árnason segir styrk frá Íslenskri erfðagreiningu t.d. falla undir áheiti og gjafir en hafi verið tengdur hringferðinni. 2 starfsmenn í 20% starfi við ýmis verkefni fyrir samtökin vera það sem felli undir hugmyndavinnu.



Þóri Sigurbjörnsson spurði um óinnheimtar kröfur.

Ásgeir Þór Árnason svarar því til að þetta séu kröfur sem trúlega verði afskrifaðar.

Reikningar bornir upp til samþykktar - samþykktir með þorra atkvæða.



Reikninga styrktarsjóðs:

Gísli J. Júlíusson kynnir styrktarsjóðinn og reikninga.

Reikningar bornir upp og þeir samþykktir.

Lagabreytingar á lögum Hjartaheilla.

Laganefnd leggur fram eftirfarandi lagabreytingu;

1. gr. Samtökin heita Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga.
Kennitala 511083-0369.
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
Hjartaheill er deild í Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga - SÍBS.
2. gr. Í Hjartaheill eru deildir sem starfa hvert á sínu svæði og Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna. Félagsmenn eru hjartasjúklingar og aðrir sem styðja markmið samtakanna. Nafn deildar er Hjartaheill að viðbættu svæðisheiti. Hvert deild hafi minnst 30 félagsmenn.
3. gr. Markmið samtakanna eru:
 - a) Að sameina félagsmenn til baráttu fyrir hagsmunamálum hjartasjúklinga og gæta réttar þeirra á öllum sviðum.
 - b) Að vinna að úrbótum á sviði heilbrigðisþjónustu og bættri félagslegri aðstöðu hjartasjúklinga.
 - c) Að afla fjár sem varið er til velferðarmála hjartasjúklinga.
 - d) Að efla rannsóknir og fræðslu varðandi hjartasjúkdóma og auka skilning og þekkingu á fyrirbyggjandi starfsemi, meðferð hjartasjúklinga og gildi endurhæfingar.

- e) Að bæta aðstöðu og tækjakost á sjúkrastofnunum til rannsókna og lækninga hjartasjúkdóma og skapa aðstöðu til endurhæfingar og þjálfunar sem víðast á landinu.
 - f) Að fylgjast með nýjungum á sviði lækninga og endurhæfingar vegna hjartasjúkdóma, koma upplýsingum til stjórnvalda og hvetja til úrbóta af hálfu hins opinbera.
 - g) Að vinna að kynningu á málefnum hjartasjúklinga meðal almennings með tilstyrk fjölmiðla og útgáfustarfsemi.
 - h) Að stuðla að aukinni sérmenntun starfsfólks á sviði hjartalækninga og endurhæfingar.
 - i) Að upplýsa hjartasjúklinga um félagslegan og lagalegan rétt sinn m.a. varðandi skattamál, fjárhagsaðstoð, tryggingamál, lífeyrisréttindi, lækni meðferð erlendis o.fl.
 - j) Að hafa samstarf við erlend félagasamtök sem starfa á svipuðum grundvelli og að hliðstæðum markmiðum.
 - k) Að efla samvinnu við innlend félagasamtök sem vinna að velferðarmálum.
4. gr. Árgjald skal ákveðið á aðalfundi Hjartaheilla. Heimilt er að taka eitt gjald af fjölskyldu. Tekjur og kostnaður af árgjöldum skiptist jafnt milli Hjartaheilla og deilda. Stjórn Hjartaheilla ákveður skiptingu annars söfnunarfrjár í samráði við formenn deildanna.
5. gr. Aðalfundi deilda skal halda árlega fyrir maílok. Þriðja hvert ár verði kjörnir fulltrúar á aðalfund Hjartaheilla. Einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn upp að 500 en einn fulltrúa fyrir hverja 200 umfram það. Fyrir brot úr þrepi kemur einn fulltrúi. Deildir með færri en 50 félagsmenn eiga rétt á einum fulltrúa.
6. gr. Aðalfund Hjartaheilla skal halda í september eða október þriðja hvert ár. Stjórn Hjartaheilla skal tilkynna formönnum deildanna fundartíma ásamt kynningu á helstu málum er hún leggur fyrir með eins mánaðar fyrirvara. Mál sem fulltrúar vilja leggja fram skulu berast stjórn Hjartaheilla minnst ½ mánuði fyrir aðalfund og skal hún senda þau formönnum til kynningar. Aðalmenn og varamenn stjórnar, starfsmenn Hjartaheilla sem ekki eru kjörnir fulltrúar á aðalfundinn hafa þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Hjartaheilla getur kallað saman til aðalfundar ef brýn þörf er á. Aðalfundir samtakanna skulu opin öllum félagsmönnum.
7. gr. Á aðalfundi Hjartaheilla skal:
- a) Leggja fram til umræðu skýrslu stjórnar og afgreiða endurskoðaða reikninga Hjartaheilla og Styrktarsjóðs hjartasjúklinga til samþykktar.
 - b) Kjósa til þriggja ára formann stjórnar.
 - c) Kjósa sex aðalmenn í stjórn og þrjá til vara. Skulu 3 aðalfulltrúar vera af höfuðborgarsvæðinu og 3 af landsbyggðinni.
 - d) Kjósa þrjá aðalmenn og einn til vara í stjórn Styrktarsjóðs hjartasjúklinga
 - e) Kjósa tvo félagskjörna skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
 - f) Fastanefndir Hjartaheilla eru Laga- og skipulagsnefnd og Kjörbréfa- og uppstillinganefnd og skulu kjörnir 5 einstaklingar í hvora nefnd.

Stjórn Hjartaheilla skipar aðrar nefndir eftir þörfum.

Kosning skal vera skrifleg ef stungið er upp á fleirum en kjósa ber. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir.

- g) Leggja fram lagabreytingar sem borist hafa stjórn Hjartaheilla fyrir aðalfund. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Hjartaheilla með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
 - h) Afgreiða mál sem stjórn eða félagsmenn hafa lagt fram svo og önnur þau mál sem aðalfundurinn samþykkir að taka á dagskrá.
8. gr. Stjórnin ræður málefnum Hjartaheilla milli aðalfunda og er ábyrg gerða sinna fyrir aðalfundi.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem starfar eftir ráðningasamningi.

Á stjórnarfundum skal boða aðal- og varamenn með tryggilegum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara. Stjórnarfundir eru löglegir ef fimm stjórnarmenn eru mættir hið minnsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn Hjartaheilla tilnefnir fulltrúa á þing SÍBS.

Stjórn Hjartaheilla er heimilt að sæma einstaklinga eða aðra sérstöku heiðursmerki eða heiðurs skjali samtakanna fyrir sérstaklega vel unnin störf í þágu hjartasjúklinga eða einstakra deildar skv. sérstakri reglugerð þar um.

Þau ár sem ekki er aðalfundur skal stjórnin halda fund með formönnum deilda og starfsnefnda. Þar skulu lagðir fram reikningar síðasta árs og fjalla um helstu málefni líðandi stundar innan samtakanna. Fundurinn er ráðgefandi fyrir stjórn samtakanna.

9. gr. Komi fram tillaga um aðild Hjartaheilla að öðrum samtökum eða að Hjartaheill, landssamtökum hjartasjúklinga verði slitið skal stjórn samtakanna kynna slíka tillögu í deildunum með a.m.k. sex mánaða fyrirvara fyrir næsta aðalfund Hjartaheilla.

Um afgreiðslu málsins gildir að öðru leyti ákvæði laganna um lagabreytingar.

10. gr. Verði Hjartaheill, landssamtökum hjartasjúklinga slitið skal eignum þess ráðstafað til deildanna í samræmi við stærð þeirra.

Umræður:



Jóhannes Proppé finnst 3 ár of langt á milli þinga en sættir sig við þessa tillögu.



Sigurður G. Sigurðsson ræðir stöðir SÍBS. Spurning hvort það komi nægilega vel fram í lögunum Hjartaheilla í 2. gr. að félagið sé félag hjartasjúklinga.



Sigurður Helgason spyr hvort ekki sé gert ráð fyrir aðstandendum sjúklinga. Vill setja inn í lög hvenær félagsmaður detti út af félagalista hafi hann ekki greitt félagsgjöld. Vill ekki sleppa skammstöfun í lið 1. Aðalfundur - þing hver er mismunurinn. Fjölga þarf varamönnum ef lengra líður á milli þinga.



Aðalsteinn Valdimarsson list vel á að lengja tímann á milli þinga. Nafnið Hjartaheill veldur ruglingi við Hjarta-vernd.



Rúrik Kristjánsson minnir á að skrifa landssamtök rétt



Pétur Bjarnason bendir á að það þurfi að gera ráð fyrir fleira fólki en sjúklingum í samtökunum.



Sigurður G. Sigurðsson tekur fram að hann vilji alls ekki útiloka aðstandendur og leggur fram tillögu um breytingu á 2. grein.

Matarhlé:



Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar flutti stutt en skemmtilegt erindi á meðan þingfulltrúar borðuð ljúffengan hádegisverð.

Lagabreytingar bornar undir atkvæði.

1. gr. óbreytt - samþykkt
2. gr. Hjartaheill eru samtök félaga hjartasjúklinga, sem starfa hvert á sínu svæði og Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna. Félagsmenn í hverju félagi eru hjartasjúklingar og aðrir sem styðja markmið félagsins. Nafn félags er Hjartaheill að viðbættu svæðisheiti. Hvert félag hafi minnst 30 félagsmenn. Tillaga **Sigurðar G. Sigurðssonar** samþykkt. 2 þingfulltrúar á móti.

3. gr. óbreytt - samþykkt
4. gr. óbreytt - samþykkt
5. gr. óbreytt - samþykkt
6. gr. óbreytt - samþykkt
7. gr. óbreytt - samþykkt
8. gr. óbreytt - samþykkt
9. gr. óbreytt - samþykkt
10. gr. óbreytt - samþykkt

Lögin samþykkt samhljóða í heild sinni.



Lagabreytingar á skipulagsskrá Styrktarsjóðs hjartasjúklinga.

Óskar Árni Mar gerði grein fyrir tillögu stjórnar styrktarsjóðsins að nýrri

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga.

Kennitala

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000.00- tíu milljónir króna

Pann stofn má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að aðstoða hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Með styrkveitingu í langvarandi veikindum að loknum lög og samningsbundnum greiðslum.
2. Styrkja hjartasjúklinga sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
3. Taka þátt í kostnaði við endurhæfingu hjartasjúklinga og námskeiða fyrir fagaðila til aukinnar þekkingar við meðferð hjartasjúklinga.
4. Veitir styrki til tækjakaupa.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheiti og gjafir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar þrjá menn og einn til vara. Stjórnin er kjörin á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga til 3ja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir þing. Stjórnin ber ábyrgð á eigum og rekstri sjóðsins, heldur fundargerðabók þar sem allar ákvarðanir eru færðar til bókar, samþykktar og undirritunar í lok hvers fundar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggildir endurskoðendur Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu reikninga lagðir fram árlega, eigi síðar en í lok maí, fyrir stjórn Hjartaheilla.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur á móti umsóknum og ákveður úthlutun úr sjóðnum. Beiðni um styrkveitingu skal skilað á umsóknareyðublaði sjóðsins til skrifstofu Hjartaheilla ásamt viðeigandi gögnum.

Framkvæmdastjóri Hjartaheilla sér um greiðslur samkvæmt ákvörðun stjórnar.

1. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

2. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

3. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Óskar Árni Mar leggur til að styrktarsjóðurinn fái sér kennitölu.
Samþykkt samhljóða.

Skipulagsskrá styrktarsjóðs borin undir atkvæði og samþykkt.

Fréttir frá deildum:



Ásgeir Þór Árnason flytur kveðju frá Sigurlaugu Þóru Hermannsdóttur og Sigurði Aðalgeirssyni sem gátu því miður ekki setið fundinn.



Hjörtur Hermannsson formaður Vestmannaeyjafélagsins sagði að félagið í samráði við Hjört Kristjánsson hjartalækni væri að undirbúa stofnun HL hóps í eyjum.



Gísli Júlíusson formaður á Eyjafjarðarsvæðinu sagði ekki mikið starf í gangi. Illa gengi að fá fólk í stjórn deildarinnar. Laugardagsgöngur eru enn við lýði, 20-40 mæta. Desembervökur draga 50-60 manns að. Félagið afhenti tæki til gangráðssetningar. HL stöðin gengur vel. á annað hundrað taka þátt í þjálfun. Félagið eldist því illa gengur að fá ungt fólk til starfa. Trúlega best að sameina félögin á Norðurlandi.



Haraldur Finnsson formaður Hjartaheilla á höfuðborgarsvæðinu sagði miklar breytingar hafa átt sér stað á stjórn deildarinnar á síðastliðnu ári. Vilhjálmur lét af störfum. Vantar endurnýjun félaga. Á annað þúsund manns eru í félaginu en margir eru ekki virkir. Spurning hvernig hægt væri að virkja félagsmenn. Fjáröflun hefur gengið ágætlega, söfnunarkúlnur skila sínu en jólakortasala er minnkandi. Samstarf við ÍSÍ varðandi hreyfingu. Spurning hvort hægt væri að auka það samstarf. Samhjálparrhópar nauðsynlegir til að styðja við nýgreinda sjúklinga. Auglýsti eftir hugmyndum til að efla félagsstarf.



Jóhann Kárason formaður félagsins á Vestfjörðum segir illa ganga að fá menn í stjórn.



Guðrún Bergmann Franzdóttir formaður Neistans segir vel ganga að efla félagsandann. Gengur vel að fá fyrirtæki til að styðja við starfsemina. Eftir því sem umræða um Neistann eykst aukast framlög til félagsins. Lítil mæting er þó á fyrirlestra. Verið er að þýða bækling um hjartasjúkdóma barna. Guðrún þakkaði samstarf og móttökur sem hún hafi fengið þegar hún gerðist starfsmaður á skrifstofu Hjartaheilla.



Sigurður Helgason formaður á Vesturlandi segir vel ganga að fá fólk til starfa. Fálagið hefur leitað að fólki með áhættuþætti víðs vegar um Vesturland með mælingum. Einnig hefur fjársöfnun farið fram. Tæki hafa verið gefin á Sjúkrahúsið á Akranesi. Félagið hefur í samstarfi við aðra klúbba gefið 10 hjartastuðtæki í íþróttahús á Vesturlandi. 40-50 manna kjarni mætir í göngur, aðalfundi o.fl. Spurning hvort bæta þurfi fólki útlagðan kostnað vegna aksturs á stjórnafundi.



Bjarni Ansnes formaður Suðurlandsdeildarinnar segir lítið starf hafa verið unnið s.l. ár. Ný stjórn var skipuð á síðasta aðalfundi þann 28. ágúst s.l.



Aðalsteinn Valdimarsson formaður Austurlandsdeildarinnar segir erfiðlega ganga að fá fólk til stjórnarstarfa. Gönguhópur á Eskifirði er virkur. Tæki hafa verið gefin til Eskifjarðar og Neskaupsstaðar.

Aðalfundarstörf samkvæmt lögum.**Kosningar.****Kosning stjórnar Hjartaheilla.**

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson, formaður

Aðrir stjórnarmenn:

Guðmundur Bjarnason
 Sigurður H. Sigurðsson
 Ingibjörg Magnúsdóttir
 Magnús Þorgrímsson
 Valur Stefánsson
 Kristján Smith

Varastjórn:

Aðalsteinn Valdimarsson
 Jónas Jóhannsson
 Gestur Þorgeirsson

Skoðunarmenn reikninga:

Sigurður G. Sigurðsson
 Jóhannes Proppé

Varaskoðunarmaður:

Tómas Tómasson

Kosning í stjórn Styrktarsjóðs hjartasjúklinga.

Gísli J. Júlíusson
 Tómas Haukur Jóhannsson
 Óskar ární Mar

Varastjórn:

Hjörtur Hermannsson

Laga og skipulagsnefnd :

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson
 Óskar Ární Mar
 Sigurður Helgason
 Tómas tómasson
 Birgir Þ. Kjartansson

Kjörbréfa og uppstillingarnefnd:

Jónas Jóhannsson
 Tómas Haukur Jóhannsson
 Erna Lúðvíksdóttir
 Unnur Fenger
 Símon Símonarson

Önnur mál:

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson kynnti ályktanir sem vísað var til stjórnar Hjartaheilla.

Ályktanir:

9. þing Hjartaheilla samþykkir að leggja bæri af það tilvísunarkerfi sem nú er við líði. Felur þingið stjórn samtakanna að láta á það reyna að senda málið til umboðsmans Alþingis.

9. þing Hjartaheilla felur stjórn samtakanna að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að biðlistar eftir hjartaþræðingum verði styttnir umtalsvert. Biðlistar með 200 manns er algerlega óviðunandi og getur skapað ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

9. þing Hjartaheilla leggur áherslu á nauðsyn þess að fjölga rúmum á hjartadeildinni Landspítalans og skorar á stjórnvöld að bæta úr þessu vandræðaástandi.

9. þing Hjartaheilla felur stjórn samtakanna að vinna að því með öllum tiltækum rökum að lækka lyfjaverð svo það verði sambærilegt við það sem hagstæðast er í öðrum löndum.

Málin borin upp og samþykkt.

Ásgeir Þór Árnason kveður Eggert Skúlason sem yfirgefur stjórnina og fagnar komu Guðmundar Bjarnasonar í stjórnina. Einnig þakkar Ásgeir fyrir hjartarafstuðtæki sem Heildversluninni Donnu gaf samtökunum og sagði það ábyrgðarhluta að stefna fjölda hjartasjúklinga saman án þess að hafa búnað sem slíkan.



Rúrik Kristjánsson vekur athygli á fjáröflunarmálum. Hapdrættismiðasalan hafi ekki gengið sem skyldi og spurði hvort betur gangi að senda þá t.d. heim til félagsmanna og treysta á að þeir verði greiddir. Söfnunarkúlunum þarf að koma fyrir á fleiri stöðum.



Guðmundur Bjarnason þakkar það traust sem honum er sýnt. Hefur verið virkur innan Lionshreyfingarinnar, átt aðstandanda sem átti við hjartasjúkdóm að stríða, unnið sem þingmaður og heilbrigðisráðherra.



á skafmiðahapdrætti með mörgum litlum vinningum.

Þórir Sigurbjörnsson mælir með notkun hjarta-stuðtækisins. Veltir fyrir sér af hverju illa gangi að fá nýliða í félagið. Þarf að höfða sérstaklega til þeirra. Líst vel á að senda hapdrættismiða heim frekar en að standa í verslunarmiðstöðvum. Einnig væri hægt að setja inná heimasíðu Hjartaheilla hapdrætti og taldi rétt að láta reyna



Ásgeir Þór Árnason upplýsir að ekki hafi verið unnið nóg í að ná í nýja félagsmenn. Heimsóknir á Reykjalund og sjúkrahúsin hafi legið niðri. Nú á að gefa út félagsskírteini sem m.a. gefur afslátt af lyfjum.



Sigurður Helgason bendir á að tengja fjáröflun mælingum á blóðþrýstingi- og blóðfitu. Brýnir þing til að leggja áherslu á að flugvöllur standi nálægt sjúkrahúsi hvar svo sem það standi.



Magnús Þorgrímsson fjallaði um að félagslíf verði að vera skemmtilegt annars gengur það ekki upp og vera ekki að örvænta þó fáir mæti á fundi.



Kristján Smith, leggur til að árgjald verði hækkað í 2.100,- kr.

Borið upp til samþykktar og samþykkt einróma.



Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi hjá SÍBS, tók til máls og sagðist vera í 20% starfi. Veltir fyrir sér hvernig hún nýtist sem best félagsmönnum. Fer af stað með sjálfshjálparhópa fljótlega.



Haraldur Finnsson, spurði hvort línur verið lagðar fyrir Alþjóða-hjartadaginn.



Ásgeir Þór Árnason sagði frá því að sótt hafi verið um leyfi fyrir göngu og uppákomu í Elliðaárdalnum þennan dag ef félagið á höfuðborgarsvæðinu og Neistinn vildu nýta sér það. Deildir sjá alfarið um framkvæmd hvert á sínu svæði. Ekkert væri skipulagt að hálfu stjórnar Hjartaheilla eins og staðan væri núna.



Vilhjálmur B. Vilhjálmsson nýkjörinn formaður þakkaði fundamönnum góðan fund. Þingforseta og þingritara þeirra störf og sleit 9. þingi samtakanna kl. 15:30.



Þingfulltrúar á 9. þingi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga 2006



Minningarkort Hjartaheilla fást á eftirtöldum stöðum.

Hjartaheill, skrifstofa landssamtaka hjartasjúklinga,
Síðumúla 6, 108 Reykjavík, s. 552 5744

Gíró- og kreditkortþjónusta, sími 552 5744

Hjá Hirti, Bónushúsinu, Suðurströnd 2,
Seltjarnarnesi, s. 561 4256

Bókabúð Böðvars, Reykjavíkurvegi 66,
Hafnarfirði, s. 565 1630

Penninn Bókabúð Andrésar,
Kirkjubraut 54, Akranesi, s. 431 1855

Handavinnuhúsið, Brákarbraut 3,
Borgarnesi, s. 437 1421

Hrannarbúðin, Hrannarstíg 5,
Grundarfirði, s. 438 6725

Verslunin Heimahornið, Borgarbraut 1,
Stykkishólmi, s. 438 1110

Jón Jóhann Jónsson, Hlíf II,
Ísafirði, s. 456 3380

Jónína Högnadóttir, Esso-verslunin,
Ísafirði, s. 456 3990

Jóhann Kárason, Engjavegi 8,
Ísafirði, s. 456 3538

Kristín Karvelsdóttir, Miðstræti 14,
Bolungarvík, s. 456 7358

Blómabúðin Bæjarblómið, Húnabraut 4,
Blönduósi, s. 452 4643

Blóma- og gjafabúðin, Hólavegi 22,
Sauðárkróki, s.455-5544

Hafðís Kristjánsdóttir, Ólafsvægi 30,
Ólafsfirði, s. 466 2260

Blómabúðin Ilex, Hafnarbraut 7,
Dalvík, s. 466 1212

Blómabúðin Akur, Kaupangi, Mýrarvegi,
Akureyri, s. 462 4800

Blómabúðin Býflugan og blómið,
Glerárgötu 36, Akureyri, s. 461 5444

Bókabúð Jónasar, Hafnarstræti 108,
Akureyri, s. 462 2685

Blómabúð Akureyrar, Hafnarstræti 96,
Akureyri, s. 462 2900

Penninn Bókval, Hafnarstræti 91-93,
Akureyri, s. 461 5050

Bókaverslun Þórarins Stefánssonar,
Garðarsbraut 9, Húsavík, s. 464 1234

Skúli Þór Jónsson, Boðagerði 6,
Kópaskeri, s. 465 2144

Rannveig H. Ólafsdóttir, Hólavegi 3,
Laugum, s. 464 3181

Birgir Hallvarðsson, Botnahlíð 14,
Seyðisfirði, s. 472 1173

Blómabær, Miðvangi,
Egilsstöðum, s. 471 2230

Nesbær ehf., Egilsbraut 5,
Neskaupstaður, s. 477 1115

Aðalheiður Ingimundardóttir,
Bleiksárhlíð 57, Eskifirði, s. 476 1223

Jóhanna Sigfúsdóttir, Efstagerði 8,
Reyðarfirði, s. 474 1153

María Óskarsdóttir, Hlíðargötu 26,
Fáskrúðsfirði, s. 475 1273

Sigríður Magnúsdóttir, Silfurbraut 29,
Höfn í Hornafirði, s. 475 8854

Skóverslun Axel Ó. Lárussonar,
Bárustíg 6, Vestmannaeyjum,
s. 481 1826

Marta E. Hjaltadóttir, Vesturbrún 21,
Flúðir, s. 486 6412

Mosfell sf., Þrúðvangi 6,
Hellu, s. 487 5828

**Sjúkrahús Suðurlands og
Heilsugæslustöð**, Árvegi,
Selfossi, s. 482 1300

Verslunin Íris, Austurvegi 4,
Selfossi, s. 482 1468

Bókabúð Grindavíkur, Víkurbraut 62,
Grindavík, s. 426 8787

Penninn - Bókabúð Keflavíkur,
Sólvallagötu 2, Keflavík, s. 421 1102

Íslandspóstur hf., Hafnargötu 89,
Keflavík, s. 421 5000

**Íslandspóstur hf., c/o Kristjana
Vilhjálmisdóttir**, Garðbraut 69,
Garður, s. 422 7000

Dagmar Árnadóttir, Skiphóli,
Skagabraut 64, Garður, s. 422 7059